



Fjarnám að sumri 2021: Viðburðastjórnun og ferðamálafræði

Námskeið í sumarnámi Ferðamáladeildar Háskólans á Hólum

Eftirfarandi námskeið eru í boði í sumarnámi Ferðamáladeildar. Kennit verður á tveimur öðrum sem hvor um sig er fjórar vikur.

Lýsingar og hæfniviðmið námskeiðanna eru aðgengileg á Uglu en hér eru viðbótar upplýsingar kennara og fyrirkomulag námskeiða.

7. júní – 2. júlí	5. júlí – 30. júlí
1. VBS2106210 Inngangur að viðburðastjórnun	7. SSV2506170 Straumar og stefnur í viðburðastjórnun
2. HFU2306180 Hönnun ferðaþjónustuumhverfis	8. BYF2006120 Byggðapróun
3. MOM2606120 Matur og menning	9. FAL3506120 Fagmennska í leiðsögn
4. UAF1706170 Upplifun og afþreying ferðafólks	10. BOB0006121 Bjór og bjórgerð
5. ÞJS2106170 Þjónustustjórnun	11. MMM0075121 Maður, menning og náttúra í Mývatnssveit frá 1700 til samtíðar
6. GTS0006121 Grjót, torf og stígar	

Sækja skal um í gegnum form á vefsíðu Háskólans á Hólum:

<https://forms.gle/dEARzxgvc3PemHPo8>

Fyrirspurnir um skráningu sem og fylgiskjöl vegna umsókna skal senda á

kennslusvid@holar.is

Nánari upplýsingar um námið: Háskólinn á Hólum sími 4556300 og í netfanginu

inga@holar.is

Námskeið í sumarnámi 2021

1. [VBS2106210 Inngangur að viðburðastjórnun](#) (6 ECTS)

Kennari

Áskell Heiðar Ásgeirsson

B.Sc. í landafræði frá HÍ, MA í ferðamálafræði frá Háskólanum á Hólum.

Hann hefur kennt þetta námskeið og fyrirrennara þess í fimm ár. Hafði umsjón með endurskoðun á námi í viðburðastjórnun fyrir tveimur árum. Reyndur viðburðaskipuleggjandi, var m.a. framkvæmdastjóri Landsmóts hestamanna 2016 og 2018 og er eigandi og skipuleggjandi tónlistarhátíðarinnar Bræðslunnar. Núverandi framkvæmdastjóri 1238 á Sauðárkróki.

Lesefni

Successful Event Management. A Practical Handbook 5.útg. Shone, A. & Parry, B. 2019. U.K.: Thomson. Ný útgáfa - eldri útgáfur ekki nothæfar, skyldulesning. Fæst í Bóksölu Stúdenta og sem rafbók t.d. á heimkaup.is. Annað lesefni eru greinar og bókakaflar sem kennari setur inn á Uglu

Staðbundin lota

Ekki staðbundin lota, en gert er ráð fyrir fjarfundi t.d. á zoom við upphaf námskeiðs og mögulega oftar.

Önnur viðvera í rauntíma

Á ekki við

Eðli námsmats

Nemendur skipuleggja og framkvæma eigin viðburð í námskeiðinu í hópum og námsmatið snýst að miklu leyti um hann. Annars vegar skila nemendur áætlun um skipulag viðburðar og hins vegar skýrslu um framkvæmd hans og mat á honum. Þá lýkur námsskeiðinu á prófi úr hluta af námsefninu.

Frekari lýsing á innihaldi og áherslum námskeiðs

Nemendur munu skipuleggja sína eigin viðburði, annað hvort einir eða í hópi ef því verður við komið. Þessir viðburðir verða smáir í sniðum og eingöngu hugsaðir til að prófa áætlunargerð, framkvæmd og mat á viðburðum.

Auk þessa verður kennslan verður að mestu leyti í formi fyrirlestra sem kennari setur inn á Canvas, en gerðar verða tilraunir með notkun á zoom eða öðrum sambærilegum hugbúnaði í staðinn fyrir staðbundna lotu.

2. HFU2306180 Hönnun ferðaþjónustuumhverfis (6 ECTS)

Kennari

Kjartan Bollason, MA umhverfisfræði. Hefur unnið við leiðsögn ferðamanna frá árinu 1994 (með hléum), sem sérfræðingur í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda og sem sérfræðingur í þjóðgarðinum í Skaftafelli. Hefur enn fremur unnið ýmis verkefni er tengjast vöruþróun náttúrutengdra ferðaþjónustu meðal fyrirtækjaklasa og áfangastaða. Kjartan hefur starfað við Háskólann á Hólum frá árinu 2004.

Lesefni

Greinar, bókarkafar og vefsíður. Verður hægt að sjá og hlaða niður af fjarnámsvef námskeiðs

Staðbundin lota

Nei, engin staðbundin lota

Önnur viðvera í rauntíma

Gert ráð fyrir zoom fundum 1 sinni í viku, nema í síðustu vikunni, þá eru verkefnaskil. Hver zoom fundur er um 1 klst. að lengd.

Eðli námsmats

Einstaklingsverkefni.

Frekari lýsing á innihaldi og áherslum námskeiðs

Hvort sem við horfum á ferðaþjónustu út frá hagsmunum heimamanna, fyrirtækja, áfangastaða eða gestanna sjálfrá er útlit og form þeirra mannvirkja (byggingar, vegir, áningarstaðir, stígar o.s.frv.) ákaflega mikilvægur þáttur í upplifun og í að stýra umgengni. Hönnun er því lykilhugtak þegar kemur að mótun hins byggða umhverfis og margt þar sem þarf að gæta að ef á að byggja upp sjálfbæra ferðaþjónustu til langs tíma.

Hluti af þeim hugtökum og fyrirbærum sem fjallað verður um eru landslag (manngert-, menningar-, náttúru-, búsetu-), sjónræn áhrif, skipulag, byggingararfleið, staðarandi og almennt um mikilvægi fagurfræði. Verkefni námskeiðs eru hagnýt og miðast við að reyna að ramma inn slík hugtök og umræðu á sjónrænan hátt og gefa nemenda þannig innsýn inn í hvernig nota má hönnun á til að móta upplifun ferðamanna, hafa áhrif á hegðun þeirra og þannig vera tæki til að stýra auðlindanotkun í ferðaþjónustu.

3. MOM2606120 Matur og menning (6 ECTS)

Kennari

Þuríður Helga Jónasdóttir, MA í hagnýtri menningarmiðlun.

Þuríður Helga hefur kennt þetta námskeið sex sinnum.

Lesefni

Food & Drink Tourism, Principles and Practice eftir Sally Everett. Hægt að kaupa rafrænt hjá Heimkaup. Auk þess annað lesefni/námsefni sem finna má á vefsvæði námskeiðsins á Canvas

Staðbundin lota

Já, í lotu framkvæma nemendur matarviðburð á Hólum. Gert er ráð fyrir að lota standi yfir í tvo daga. Stefnt er á lotuna fyrstu vikuna í júlí. Ef nemendur hafa alls ekki tók á að taka þátt í lotu á staðnum, s.s. vegna búsetu erlendis, er mælt með að ræða við kennara námskeiðsins um lausnir þar að lútandi.

Önnur viðvera í rauntíma

Kynningarfundur á zoom í upphafi námskeiðs.

Einn fundur til að skipuleggja viðburðinn, tími fundinn í samráði við nemendur.

Eðli námsmats

Námsmat byggir á verkefnum 20%, hópverkefni í lotunni sem gildir 50% og ritgerð 30%.

Frekari lýsing á innihaldi og áherslum námskeiðs

Farið er vítt og breitt í umfjöllun um mat og tengsl okkar við mat og menningu. Verkefni byggja á fræðilegu efni en einnig persónulegri upplifun í sambandi við mat.

4. UAF1706170 Upplifun og afþreying ferðafólks (6 ECTS)

Kennari

Evelyn Ýr Kuhne

M.A. í menningarfræði, menntaður leiðsögumaður, atvinnurekandi í ferðaþjónustu, hef kennt á Hólum síðan 2014, einnig kennari á svæðisleiðsögunámi í Farskólanum 2017.

Lesefni

Lesefni (greinar, bókakaflar, skýrslur) tekið saman af kennara og sett á vefinn.

Staðbundin lota

Ekki verður staðabundinota í námskeiðinu, en fundir á zoom.

Önnur viðvera í rauntíma

Kynningarfundur í gegnum zoom í byrjun námskeiðisins (7.júní, kl . 20), um 1 klst.

Eðli námsmats

Nemendur skila alls þremur skriflegum verkefnum. Kynning á hópverkefninu fer fram á zoom (með glærum).

Stutt ritgerð 30%, hópverkefni 30%, lokaritgerð 40%

Frekari lýsing á innihaldi og áherslum námskeiðs

5. [BJS2106170 Þjónustustjórnun](#) (6 ECTS)

Kennari

Gústaf Gústafsson, MSc Responsible Tourism Management.

Gústaf hefur unnið við ferðapjónustu og leiðsögn frá árinu 2010, meðal annars sem forstöðumaður markaðsstofu og sem markaðs-, sölu- og vörupróunarstjóri. Einnig hefur Gústaf tekið þátt í alþjóðlegum verkefnum tengdum ferðapjónustu, m.a. sem tengiliður European Destinations of Excellence (EDEN). Gústaf er einnig framkvæmdastjóri Hjaltadals ferðapjónustu ehf. sem rekur Kaffi Hóla, veitinga- og gistiþjónustu á Hólum.

Lesefni

Zeithaml, V.A., og Bitner, M.J. og Gremler, D.D. (2013). Services Marketing, Integrating Customer focus Across the Firm. New York: Mc Graw Hill. Aðrar útgáfur af kennslubókinni, bæði yngri og eldri ganga einnig. Í sumum útgáfum er Alan Wilson fyrsti höfundur.

Að auki er nemendum bent á ítarefni samhliða kennslu eins og þurfa þykir.

Staðbundin lota

Nei

Eðli námsmats

Einstaklingsverkefni 10%

Hópverkefni 40%

Próf (fjölvals- og efnisspurningar) 50%

Frekari lýsing á innihaldi og áherslum námskeiðs

Þjónustustjórnun snýst um að stýra þjónustu með markvissum hætti, út frá stefnu fyrirtækisins og með hagsmuni viðskiptavina og fyrirtækisins í huga. Farið verður yfir ýmis atriði sem því tengjast með áherslu á samkeppni og samkeppnisforskot.

6. Grjót, torf og stígar (6 ECTS)

Umsjón: Kjartan Bollason

Hámarksfjöldi nemenda: 30

Kkennarar

Helgi Sigurðson, torf- og grjótleiðslusérfræðingur og Kjartan Bollason, umhverfisfræðingur og lektor við Ferðamáladeild Háskólans á Hólum

Lesefni

Lesefni tekið saman af kennurum

Staðbundin lota

Tveggja daga lota verður á Hólum í Hjaltadal. Þar í skóginum má finna mikinn fjölda göngustíga með viðarþrepum og brúm, ásamt því að á grjótstíg upp í Gvendarskál má finna mörg dæmi um þrepagerð með grjóti. Þar eru því kjöraðstæður til að læra um stíga og áningarstaði í náttúrunni á litlu og skemmtilegu svæði.

Eðli námsmats

Verklegt og skriflegt en án lokaprófs

Frekari lýsing á innihaldi og áherslum námskeiðs

Námskeiðið er kennt bæði á Canvas og í staðbundinni lotu á Hólum. Kennsla í lotu fer að mestu fram utan dyra.

7. SSV2506170 Straumar og stefnur í viðburðastjórnun (6 ECTS)

Kennar

Freyja Rut Emilsdóttir, B.Ed í kennslufræði frá KHÍ, er að ljúka MCM í menningastjórnun frá Háskólanum á Bifröst, diplóma í ferðamarkaðsfræði frá Ferðamálaskóla Íslands, diplóma í Kunst & handverk frá Högskolen í Oslo, markþjálfari frá Evolvia. Starfar sem verkefnastjóri hjá Sýndarveruleika ehf /1238 Baráttan um Ísland og hefur verið stundakennari við Háskólann á Hólum frá 2018.

Lesefni

Lesefni er fjölbreytt efni, tekið saman af kennara og birt á Canvas

Staðbundin lota

Á zoom.

Eðli námsmats

Samantekt úr ritrýndum greinum/bókarköflum 20%

Úttekt á viðburði 35%

Lokaritgerð 45%

Frekari lýsing á innihaldi og áherslum námskeiðs

Þeir nemendur sem taka þetta námskeið þurfa að hafa lokið námskeiðinu *Inngangur að viðburðastjórnun* áður en þeir taka þetta námskeið. Það námskeið er einnig boðið í sumarnáminu, á undan þessu námskeiði.

8. BYF2006120 Byggðapróun (6 ECTS)

Kennari

Þuríður Helga Jónasdóttir, MA í hagnýtri menningarmiðlun.

Lesefni

Lesefni er greinar og skýrslur sem er aðgengilegt á Canvas

Staðbundinlota

Lota verður á fjarfundi, nemendur kynna verkefni og fá fyrirlestur frá sérfræðingi.

Eðli námsmats

Einstaklings - og hópverkefni.

Frekari lýsing á innihaldi og áherslum námskeiðs

Byggðamál eru skoðuð með tilliti til ferðapjónustu og möguleika á þróun og nýsköpun í ferðapjónustu í hinum dreifðari byggðum.

9. FAL3506120 Fagmennska í leiðsögn (6 ECTS)

Kennari

Evelyn Ýr Kuhne

M.A. í menningarfræði, menntaður leiðsögumaður, atvinnurekandi í ferðaþjónustu, hefur kennt námskeiðið á Hólum síðan 2014, kennari á svæðisleiðsögunám í Farskólanum 2017

Lesefni

Lesefni (greinar, bókakaflar, skýrslur) tekið saman af kennara og sett á kennsluvef námskeiðsins.

Staðbundin lota

Í gegnum zoom fjarfundabúnaðinn.

Önnur viðvera í rauntíma

Kynningarfundur á zoom í byrjun námskeiðisins (5. júlí, kl. 20), um 1 klst.

Eðli námsmats

Verkefni 1 – einstaklingsverkefni – 30% einkunn námskeiðs – skriflegt: Pistlagerð

Verkefni 2 – 40% af einkunn námskeiðs - skriflegt: Undirbúningur dagsferðar og myndband sem nemendur taka upp og sýna í zoomlotu: Leiðsögn í heimabyggð

Verkefni 3 – hópverkefni um menntun og störf leiðsögumanna á Íslandi– 30% af einkunn námskeiðs.

Frekari lýsing á innihaldi og áherslum námskeiðs

Í fyrirlestrum verður farið yfir fræðin, sögulega þróun, hlutverk og starfslýsingu leiðsögumannsins, einnig menntun leiðsögumanna. Kynnt verða frásagnartækni, líkamstjáning og röddin. Farið verður yfir samskipti og hópstjórn í leiðsögn, mismunandi menningarheima. Rannsóknir um ferðir með leiðsögn, leiðsögn og ferðavaran, kímni í leiðsögn og leiðsögumenn og veðrið.

Nemandi fær innsýn í starf leiðsögumanns og mun æfa sig í að undirbúa leiðsögn (pistlagerð) og ferð (tímaáætlun, vinnuáætlun, leiðarlýsing, uppsetning leiðsagnar). Síðan þarf hann að leiðsegja sjálfur og taka upp stutt myndband.

10. Bjór og bjórgerð (6 ECTS)

Kennarar:

Bjarni K. Kristjánsson, Zophonías O. Jónsson og gestafyrirlesarar

Hámarksfjöldi nemenda: 12.

Efnisgjald: 8.000,-

Lesefni: Lesefni frá kennurum

Staðbundin lota: 19. – 23. júlí – hópaskipt verkleg lota á Hólum. Nemendum verður skipt í tvo 5 – 6 manna hópa. Hópur A mætir í lotu mánudag – miðvikudags (19.-21. júlí) og hópur B miðvikudag – föstudags (21.- 23. júlí).

Eðli námsmats: Nemendur skila samantektum og skýrslum um efni námskeiðsins auk lokaverkefnis.

Frekari lýsing á innihaldi og áherslum námskeiðs

Námskeiðið byggir á fyrirlestrum, verkefnavinnu og verklegum æfingum.

Í námskeiðinu verður fjallað um sögu bjórsins, fræðin að baki bjórgerðar, bjórstíla, og bjórgerð með ólíkum aðferðum kennd.

11. Maður, menning og náttúra í Mývatnssveit frá 1700 til samtíðar (6 ECTS)

(7,5 ECTS á BA eða MA- stigi. Enn fremur hægt að taka án eininga)

Hámarksfjöldi nemenda: 25

Athugið að skipulag og eðli þessa námskeiðs er með nokkuð öðrum hætti en annarra námskeiða í sumarnáminu. Vert er að hafa eftirfarandi í huga:

- Námskeiðið er samstarfsverkefni Svartáarkots menningar-náttúru og Háskólans á Hólum.
- Námskeiðið er metið til 7,5 ECTS á grunnnáms- eða framhaldsstigistigi eða tekið án eininga og þá án bóklegra verkefnaskila
- Námskeiðið hefst 5. júlí og lýkur 23. ágúst.
- Þeir sem taka námskeiðið án eininga geta látið nægja að mæta í staðbundna lotu dagana 13.-23. ágúst.
- Staðbundin lota felur í sér kostnað nemenda vegna gistingar, fæðis og ferða, ca. 10.000,- á sólarhring.
- Staðbundin lota fer fram að Kiðagili í Bárðardal og nágrenni. Skyldumæting er í lotuna.
- Námskeiðið er kennt á ensku en hægt er að skila verkefnum á íslensku.
- Auk upplýsinga um námskeiðið í námskrá Háskólans á Hólum er að finna frekari upplýsingar hér: www.svartarkot.is

Kennarar

Ragnhildur Sigurðardóttir, Viðar Hreinsson, Sigríður Sigurðardóttir, Guðný Zoëga, Megan Hicks, Árni Daníel Júlíusson, Astrid Ogilvie og Skúli Skúlason

Lesefni

Lesefni frá kennurum. Leslisti verður birtur í kennsluáætlun þegar námskeið hefst.

Staðbundinlota

Dagana 13.-23. ágúst fer fram staðbundin lota með vettfangs- og fræðsluferðum. Lotan fer fram að Kiðagili í Bárðardal og nágrenni. Skyldumæting er í lotuna til að ljúka námskeiðinu.

Eðli námsmats

Aðeins þeir sem ljúka námskeiðinu með einingum taka þátt í námsmati:

- Verkefni byggt á lesefni og völdu þema sem tengist menningararfi 20%
- Dagbók byggð á þátttöku í vettvangsnámskeiði. 40%
- Lokaritgerð byggð á dagbók, þema valið í samráði við kennara: 40%

Frekari lýsing á innihaldi og áherslum námskeiðs

Nemendur geta valið á milli þess að taka námskeiðið til 7,5 eininga á MA-stigi (nýtist einnig undir lok námsferils á BA/BS stigi) eða að taka þátt í því án þess að ljúka einingum. Þeir sem taka námskeiðið án eininga þurfa ekki að skila skriflegum verkefnum og ráða að hversu miklu leyti til tileinka sér leslista námskeiðsins